

Blautu störfín að hverfa

Þóroddur Bjarnason félagsfræðingur segir að ákvarðanir fólks um búsetu muni í náninni framtíð líklega frekar ráðast af því hversu eftirsóknarverð byggðarlögin þykja, frekar en að atvinnumöguleikar muni ráða úrslitum.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, velti upp nokkrum hliðum á þróun íslenskra sjávarbyggða í erindi sínu í Þekkingarsetri Vestmannaeyja þann 15. október.

Alengt er að líta svo á að þéttbýlismyndun hér á landi hafi byrjað í Reykjavík með Innréttingum Skúla fógeta árið 1751.

Þóroddur bar meðal annars saman íbúafjölda í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Árið 1801 voru íbúar í Reykjavík 300 talsins, en árið 1703 voru íbúar í Vestmannaeyjum 330. Allt aftur til ársins 1200 hafi íbúafjöldi Vestmannaeyja yfirleitt verið á bilinu 300 til 500 íbúar.

„Er þá ekki upphaf þéttbýlis miklu eldra,“ spurði Þóroddur, og nefndi að íbúar Vestmannaeyja hafi á þessu tímabili öllu verið álíka margir og nú búa á Hólmavík. Þar eru nú 329 íbúar.

„Þorp þar sem allt snýst um sjávarútveg er ekki óskaplega

gamalt fyrirbæri,“ sagði hann, en tók síðan að skoða hvort kvótakerfið hafi í reynd haft þau miklu neikvæðu áhrif á sjávarbyggðir landsins sem margir telja.

Áhrif kvótakerfis

Íbúapróun sjávarbyggðanna fyrir og eftir tilkomu kvótakerfis sýnir að áhrif þess eru mjög ólík eftir því hvernig byggðarlögin eru. Þóroddur segir sjávarbyggðir á suðvesturhorni landsins ekki hafa orðið fyrir miklum áhrifum af kvótakerfi, og hið sama megi segja um staði annars staðar á landinu þar sem íbúafjöldinn er 500 eða meira. Hins vegar séu greinileg áhrif á íbúapróun smærri staða, þar sem íbúar eru innan við 500.

Hvað Vestmannaeyjar sérstaklega varðar þá sagði Þóroddur einn helsta styrkleika Eyjanna vera mannfjöldann.

Nú er hins vegar eitthvað nýtt að gerast í sjávarbyggðunum: „Blautu störfín“ hverfa en í litlu þorpunum sé þess vart að vænta að til verði önnur betur borguð.

Eftir tuttuðu ár

Hrafn Sævaldsson spurði Þóroddur hvernig hann sæi fyrir sér Vestmannaeyjar eftir 20 ár?

Þóroddur svaraði því til að byggðapróun hefði hingað til ráðist mikið af því hvar vinnu er að fá, en það sé að breytast. Vinnan er að aftengjast stöðunum. Fólki getur sinnt vinnu sinni hvar sem er, og þá er frekar spurt

um samfélagið á hverjum stað, hvernig það er og hvort fólk geti hugsað sér að búa þar.

COVID-19 setti svip sinn á sjávarútvegserindi Þekkingarsetursins að þessu sinni, eins og á flest annað í samfélaginu. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur undanfarin ár staðið fyrir sjávarútvegserindum einu sinni í mánuði, en vegna ástandsins hafa þau legið niðri um tíma og nú var gripið til þess ráðs í fyrsta sinn að hafa fjarfund.

Þóroddur flutti erindi sitt heiman frá sér á Akureyri og áheyrendur sátu flestir heima hjá sér víðs vegar um landið.



Mikil sjálfvirkni mun hægt og bítandi fækka störfum þar sem mannshöndin kemur beint að.

MYND/AKER

Allt fyrir hreinlætið



Tork rúlla, einfaldur 320 M

Vnr. 6487 128208

Matvælavottaðar handþurrkur, dregið úr miðju.



Tork gólfstatíf

Vnr. 6487 652000

Tork gólfstatíf fyrir stórar rúllur. W1 Turquis blátt/hvít.



Tork express mjúkur

Vnr. 6487 84810148

Handþurrkur, miðþurrkur í Z-broti.



Tork Heavy-Duty klútur 53

Vnr. 6487 84810180

Rakagleypin, þykkur og varanlegur. Þolir erfiða hreinsun án þess að falla í sundur.



Þóroddur Bjarnason.

MYND/GUÐSTEINN

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Ísafjörður s. 456 3574 • Húsvík s. 440 1448 • Blönduós s. 440 1339
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Höfn s. 478 1940
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

N1